

## Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 9. október 2018.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar, Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands og Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu. Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili Sprotasjóðs sat fjarfund í Háskólanum á Akureyri. Björk setti fundinn kl. 13:00 Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari.

Eftirfarandi liðir voru ræddir.

### 1. Starfsáætlun 2018-2019

Farið var yfir og gengið frá starfsáætlun og verkefnaplani sjóðsins fyrir veturinn. Ákveðið var að eftir næsta fund stjórnar 7. nóv. yrðu sendar út upplýsingar um áherslusviðin og umsóknarferlið á skólana, heimasíðuna og fl. aðila. Stefnt að því að opnað verið fyrir umsóknir í sjóðinn í byrjun desember og að opið verði fyrir umsóknir fram til 25. janúar. Mikilvægt að mati stjórnar að þessar upplýsingar fari sem fyrst út til skólanna til að kennarar geti farið að huga að umsóknum og undirbúa hugsanlegt samstarf við fleiri aðila. Stjórn sjóðsins vill auka áherslu sjóðsins enn frekar á þverfaglegt samstarf milli skóla, skólastiga og stofnanir út í samfélaginu og slíkt þarfnast góðs undirbúnings.

### 2. Áherslusvið fyrir skólaárið 2019-2020.

Hugmyndir að áherslusviðum sjóðsins voru ræddar á síðasta fundi stjórnar og hafa þær verið bornar undir ráðherra. Hér eru drög að áherslusviðum fyrir skólaárið 2019-2020:

- Efling íslenskrar tungu
- Færni til framtíðar
- Lærdómssamfélag í samvinnu kerfa

### 3. Auglýsing og upplýsingar á heimasíðu Sprotasjóðs

Stjórn ræddi um tilgang sjóðsins og sérstöðu. Það er mikilvægt að mati stjórnar að nemandinn sé í forgrunni í þeim verkefnum sem sækja um í Sprotasjóð og það þarf að koma skýrara fram í auglýsingu um umsóknir og á vef sjóðsins.

Rætt var um muninn á milli starfsþróunarstyrkja og Sprotasjóðsstyrkja en það er þá kannski fyrst og fremst þessi áhersla á nemandann sem skilur þarna á milli. Nokkur umræða var um það hvað þurfi að koma fram í auglýsingu sjóðsins en stjórnin var sammála um að það þurfi að koma því betur á framfæri hvað það er sem sjóðurinn leggur áherslu á og hvað þætti hann styrkir og styrkir ekki.

Einnig voru til umræðu hugmyndir um það hvernig mætti færa inn nánari upplýsingar um sjóðinn, áherslur hans og hvað hann styrkir, umsýsluaðili mun skoða þessi atriði og lafæra.

### 4. Vinnulag og eftirlit sjóðsins með nýtingu fjármagns styrkþega.

Tekið var fyrir dæmi um rekstarreikning sem barst til umsýsluaðila frá styrkþega þar sem ósamræmi var á milli kostnaðaráætlunar og rekstrarreiknings. Þetta dæmi var rætt almennt út frá vinnureglum sjóðsins og hvernig mætti skerpa á því að þeir fjármunir sem veittir eru til skóla séu nýttir samkvæmt þeirri umsókn sem liggur til grundvallar. Ákveðið var að í þessu tilfelli sem hér um ræðir myndi umsýsluaðili óska eftir nánari skilgreiningu á frávikum frá kostnaðaráætlun í umsókn og þeim rekstarreikningi sem skilað var með lokaskýrslu.

Rætt var um mikilvægi þess að í næstu svarbréfum til umsækjenda séu ítarlegri leiðbeiningar um það hvað sjóðurinn styrkir af þeim kostnaðarliðum sem umsækjandi sótti um.

## 5. Fundur JTJ með ráðherra miðvikudaginn 10.10.18.

JTJ mun funda með ráðherra á morgun, 10. október og ræða við hann um hugmyndir þess efnis að auka fjárveitingar til sjóðsins og efla hann enn frekar með ýmsum hætti. Nú eru 10 ár frá stofnun sjóðsins og því ákveðinn tímamót. AMG segir Kennarasambandið gjarnan vilja koma að því að styðja við þessar hugmyndir um að efla sjóðinn enn frekar. Það geti KÍ hugsanlega gert með því að taka saman tölfraðilegar upplýsingar um það hvernig framlög til sjóðsins hafa dregist saman, á sama tíma og fjöldi nemenda hefur verið að aukast og áherslan á aukna færni kennarans hefur að sama skapi verið að aukast. JTJ hefur einnig sent þessar hugmyndir um eflingu sjóðsins á félag áhugafólks um skólaþróun. JTJ mun halda þessum hugmyndum á lofti og þær verða ræddar síðar.

## 6. Önnur mál

AMG lagði fram ályktun frá svæðisþingi tónlistarskóla þar sem skorað er á mennta- og menningarmálaráðherra að veita tónlistarskólum aðgengi að Sprotasjóði og styðja þannig við þróun og nýjungar í skólastarfi tónlistarskóla og þróunarstarf í samstarfi við aðrar skólagerðir. Stjórn sjóðsins tók við þessari ályktun sér til upplýsinga.

Næstu fundir Sprotasjóðs verða haldnir 7. nóvember og 27. nóvember. Lagt er til að fyrir næsta fund sjóðsins verði búið að skoða hugmyndir að því hvernig sé best að útbúa umræðuvettvang fyrir kennara til að þeir geti rætt hugsanlegt samstarf eða samvinnu milli skóla varðandi Sprotasjóðsverkefni. Eitthvað svipað því og tíðkast í Erasmus verkefnum. Umsýsluaðili ætlar að ræða við kennara og tæknifólk í sínu baklandi og JTJ mun ræða við Tryggva hjá Menntamiðjunni um slíkar hugmyndir. AMG mun ræða við aðila hjá útgáfusviði KÍ um leiðir að því hvernig væri best að mynda samstarf og samræður milli skóla. Í lok nóvember leggur stjórnin svo upp með að fá aðila frá Reykjavíkurborg og Garðabæ inn á fund til að ræða hvernig þessi sveitarfélög standa að styrkveitingum til skólastiganna. Einnig mun BÓ heyra í fulltrúum Grunns og fá þau til skrafs og ráðagerða varðandi ýmsar hugmyndir. BÓ mun svo í næstu viku hitta áhugafólk um skólaþróun og ræða við þau hugmyndir að samvinnu varðandi hugsanlega ráðstefnu/uppskeruhátíð þar sem Sprotasjóðsverkefni verð kynt og fl. atriði.

Fundi var slitið kl. 15:30